

## 1. fulltrúaráðsfundur Landssambands ungmennafélaga

30. apríl 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:15

**Mætt eru:** URKÍ: Ingi Hrafn Pálsson, Uppreisn: Geir Finnsson, UVG: Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir, SUB: Guðmundur Bjarnason, SÍNE: Hjördís Jónsdóttir, SUF: Hildur Guðbjörg Benediktsdóttir, JCI: Kjartan Hansson, UJ: Óskar Steinn Ómarsson, Samfés: Svava Gunnarsdóttir og Victor Berg Guðmundsson, SÍF: Einar Hrafn Árnason, AUS: Brynjar Örn Svavarsson, Kóder: Ólafur Hrafn Halldórsson og UP: Sigmundur Þórir Jónsson.

**Sérstakir gestir:** Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Valgerður Þórunn Bjarnadóttir sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

**Fulltrúar stjórnar:** Formaður: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), varaformaður og formaður fulltrúaráðs: Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), gjaldkeri: Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), málefnafulltrúi: Páll Marís Pálsson (PMP) og framkvæmdastjóri: Tinna Isebarn.

*Fundarstjóri: Laufey María Jóhannsdóttir, varaformaður LUF*

*Fundur settur 18:15*

### Dagskrá:

- Fundarsetning og kynning á LUF:** LMJ setur fund, býður fundargesti velkomna og þakkar heiðursgesti fundarins, Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra fyrir komuna. LMJ kynnir starfsemi LUF stuttlega og hvaða þýðingu undirritun þriggja ára samnings við ráðuneytið hefur fyrir LUF, sem eru mikil tímamót fyrir félagið.
- Undirritun þriggja ára samnings:** Ráðherra ávarpar fundargesti og fjallar m.a. um mikilvægi þess að virkja ungt fólk til samfélagsþátttöku. Ráðherra og SHB undirrita samninginn og var tilefninu fangað með myndatöku.
- Framkvæmdaáætlun LUF 2018-2019:** SHB kynnir framkvæmdaáætlunina fyrir ráðinu. En áætlunin skiptist í sex meginstoðir sem innihalda 20 markmið sem miðast við lög, stefnu og alþjóðlegar skuldbindingar.
  - LMJ opnar fyrir umræðu, engar athugasemdir bárust, en ein breytingatillaga frá JCI um viðbót var lögð til. Tillagan felst í að bæta einu markmiði við á eftir markmiði nr. 13 undir stoð fimm um sterk ungmennafélög. Tillagan er svohljóðandi:  
**14.) Sterk samvinna milli aðildarfélaga**  
*LUF stuðlar að því að aðildarfélög kynnist innbyrðist. Á fyrsta fulltrúaráðsfundi er skipaður starfshópur sem vinnur að skipulagi tengslanetaviðburðar á árinu. Markmið viðburðarins er að aðildarfélögin kynnist innbyrðis, læri hvort af öðru og geti nýtt styrkleika hvers annars til að vinna saman að sameiginlegum markmiðum.* LMJ leggur tillöguna fram til atkvæðagreiðslu og er hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. LMJ bætir jafnframt skipun starfshópsins við dagskrá undir liðinn um önnur mál.
  - LMJ leggur framkvæmaáætlun LUF 2018-2019 í heild sinni til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- Rekstraráætlun LUF 2018-2019:** MÖÓ kynnir rekstraráætlun LUF fyrir ráðinu og gerir grein fyrir áætluðum kostnaði helstu verkefna, þar sem áætlað er að rekstrarkostnaður og tekjur verði um 17 m.kr.
  - LMJ opnar fyrir umræðu. UP gerir athugasemd við háan launakostnað og að frekari sundurliðun vanti. Stjórn þykir launakostnaður eðlilegur, nauðsynlegur til að halda daglegum rekstri gangandi og til að hámarka gæði starfsins og afkastagetu félagsins. Samfés tekur undir með stjórn og þykir að laun mættu vera hærri. AUS telur ekki

æskilegt að laun og launatengd gjöld séu sundurliðuð, af virðingu við starfsmann félagsins. Aðrar athugasemdir bárust ekki.

4.2. LMJ leggur rekstraráætlun LUF 2018-2019 til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**5. Önnur mál:**

5.1. Skipun starfshóps sem mun vinna að skipulagningu tengslanetaviðburðar á starfsárinu: JCI, AUS og Kóder gáfu kost á sér og samþykkti fulltrúaráð skipun þeirra þriggja til að sitja í starfshópnum.

5.2. LMJ gaf kost á orðinu og barst þá stjórn og framkvæmdastjóra LUF hrós fyrir vel unnin störf og innilegar hamingjuóskir með nýja samninginn.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:30*

*PMP ritaði fundargerð.*